

Mánudaginn 22. nóvember 1993.

Nr. 9/1993.

**Félag íslenskra símamanna**

**f.h. Dóru Halldórsdóttur**

(Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Kjarasamningur.

### **Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Guðmundur Skaftason og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Félag íslenskra símamanna (FÍS), kt. 530169-7669, Landsímahúsinu við Austurvöll, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns Dóru Halldórsdóttur, kt. 140247-4649, Ástúni 14, Kópavogi, talsíma- varðar við langlínumiðstöð Pósts- og símamálastofnunarinnar í Reykjavík, kt. 500269-6779.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arn- arhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi að Dóra Halldórsdóttir falli enn undir þann hóp vaktavinnumanna sem getið er í grein 2.6.6. í kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og FÍS frá 21.04.1987 og að stefnda sé því skylt að greiða stefnanda laun samkvæmt þeirri grein frá 01.03.1988.
2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostn- að samkvæmt mati dómsins.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða virðisaukaskatt af málskostnaði.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að hon- um verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati rétt- arins.

Til vara er þess krafist að stefndu verði ekki dæmt skylt að greiða Dóru Halldórsdóttur laun skv. grein 2.6.6. í kjarasamningi fjármála- ráðherra og FÍS frá fyrri tíma en 7. september 1989. Í varakröfu felst enn fremur að málskostnaður verði felldur niður.

*Málavextir.*

Málavextir eru þeir að stefnandi, Dóra Halldórsdóttir, starfaði hjá Póst- og símamálastofnun í vaktavinnu sem talsímavörður við langlínumiðstöðina í Reykjavík tímabilið 03.04.1967 til 31.07.1980, frá þeim tíma til 12.08.1983 starfaði hún sem skrifstofumaður við skrifstofu umdæmisstjóra en hætti þá störfum að eigin ósk. Tímabilið 01.07.1984 til 31.07.1984 starfaði hún sem talsímavörður við langlínumiðstöðina, tímabilin 01.07.1985 til 31.07.1985 og 01.07.1986 til 31.08.1986 sem talsímavörður við Upplýsingar 03. Frá 01.03.1988 hefur Dóra starfað samfelld við langlínumiðstöðina í vaktavinnu. Um 100% starf var að ræða í öllum tilvikum. Dóra hefur alltaf tekið laun samkvæmt kjarasamningi BSRB, FÍS og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins.

Stefnandi telur Dóru Halldórsdóttur falla undir þann hóp vaktavinnumanna sem getið er í grein 2.6.6. í kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins frá 21.04.1987 og að stefnda beri því að greiða henni laun samkvæmt þeirri grein.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir á því að ágreiningslaust sé með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra frá 21. apríl 1987. Spurningin sem hér liggja fyrir sé, hvort Dóra Halldórsdóttir falli undir grein 2.6.6. í kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra, sem er svohljóðandi:

„Um vinnutíma þeirra vaktavinnumanna, er fyrir gildistöku kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB frá 19. desember 1970 unnu 36 og 37 klukkustunda vinnuviku, skal eftirfarandi gilda: Þegar skylduvinna er unnin kl. 24:00-08:00, á laugardögum eftir kl. 12:00 á hádegi eða sunnudögum, teljast 50 mínútur jafngilda einni klukkustund. Regla þessi gildir einungis um þá starfsmenn persónulega, sem fullnægja ofangreindum kröfum um vinnutíma, enda leggi FÍS fram lista með nöfnum þeirra einstaklinga, sem þessara sérstöku réttinda njóta. Ákvæði þetta tekur einungis til þeirra manna, er voru í starfi 1. janúar 1971.“

Dóra Halldórsdóttir fullnægi öllum skilyrðum sem gerð séu í ákvæðinu. Hún hafi verið í starfi sem vaktavinnumaður þann 1. janúar 1971 og unnið 36 eða 37 klst. vinnuviku og hennar hafi verið getið á lista FÍS yfir nöfn þeirra einstaklinga sem njóti þeirra sérstöku réttinda sem getið sé í greininni. Kjarasamningurinn afmarki

einfaldlega þann hóp sem njóti þessara sérstöku réttinda og Dóra Halldórsdóttir falli tvímælalaust innan þeirrar afmörkunar. Samkvæmt því telur stefnandi að samkvæmt fortakslausu ákvæði kjarasamningsins hljóti Dóra Halldórsdóttir enn að falla undir ákvæði kjarasamningsins. Fjármálaráðuneytið vilji taka réttindin af Dóru þar sem hún hafi horfið frá störfum um tíma. Óslitið starf sé hins vegar ekki gert að skilyrði í greininni sjálfri og fjármálaráðuneytið hafi í verki sýnt að sú krafa sé ekki gerð í öllum tilfellum. Sé það að sjálfsögðu óþolandi mismunun.

Grein sú sem hér um ræðir hafi fyrst komið inn í kjarasamning BSRB og ríkisins þann 19. 12. 1970. Fleiri hafi verið felldir undir ákvæðið en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir, með sérstöku samkomulagi hverju sinni. Þessar auknu heimildir hafi m.a. fellt undir ákvæðið vaktavinnumenn sem horfið hafi frá störfum um sinn. Við gerð fyrsta sérkjarasamnings FÍS og fjármálaráðherra þann 15. maí 1974 hafi þeir, sem hófu störf að nýju fyrir 1. janúar 1974 og fullnægðu skilyrðum ákvæðisins að öðru leyti en því að hafa verið við störf 1. janúar 1971, verið felldir undir ákvæðið. Með samþykkt samstarfsnefndar FÍS og fjármálaráðuneytisins frá 28. 12. 1981 hafi verið ákveðið að veita réttindin þeim vaktavinnuöðrum, sem snúið hafi aftur til starfa fyrir 1. nóvember 1981, hafi verið í störfum á þeim tíma og fullnægt skilyrðum ákvæðisins að öðru leyti en því að hafa verið við störf 1. janúar 1971, að því gefnu að þeir hefðu að minnsta kosti þriggja ára starfsaldur sem vaktavinnumenn fyrir 1. janúar 1974. Þessi tvö tilvik sýni að krafan um samfelld og óslitið starf sé ekki algild. Í samþykkt samstarfsnefndarinnar frá 28. 12. 1981 hafi verið tekið fram að um „endurráðningar eftir 01.11. 1981 gildir 50 mínútna reglan ekki, og verði viðkomandi aðilum gerð grein fyrir því.“ Á grundvelli þessa ákvæðis samþykktarinnar sé það sem fjármálaráðuneytið vilji ekki viðurkenna rétt Dóru Halldórsdóttur.

Þetta ákvæði samþykktarinnar eigi sér hvergi stoð í sjálfum kjarasamningnum. Sem áður sagði afmarki hann einungis hópinn, sem hafi réttinn til frambúðar og til þess hóps, eins og hann sé skilgreindur í kjarasamningnum, teljist Dóra Halldórsdóttir. Rétturinn hafi áunnist þessum hópi persónulega í störfum þeirra fyrir stefnda og hafi þeir ekki ástæðu til að ætla annað en að hann haldist þótt tímabundin hlé verði á störfum. Rétturinn til þess að falla undir „50 mínútna regluna“ sé sambærilegur öðrum áunnum réttindum, s.s.

rétti til launaflokkahækkana, aukinna orlofsréttinda o.fl. Engum dytti í hug að halda því fram að þau réttindi glötuðust ef hlé yrðu á störfum hjá sama vinnuveitanda. Því síður verði því haldið fram að samstarfsnefnd FÍS og fjármálaráðuneytisins geti afsalað vaktavinnu-  
mönnum réttindum skv. „50 mínútna reglunni“. Samstarfsnefndin hafi hvorki haft umboð né heimild til þess að afsala vaktavinnu-  
mönnum, sem snúið hafi aftur til starfa eftir 01. 11. 1981, þeim rétt-  
indum sem kjarasamningurinn hafi veitt þeim. Nefndin hafi því ekki  
verið bær til þess að afsala réttinum til að falla undir 50 mínútna  
regluna fyrir hönd Dóru Halldórsdóttur.

Á þeim tíma, er samþykktin var gerð, hafi FÍS verið að berjast  
við að ná sem flestum félagsmönnum undir greinina. Þegar talið var  
að ekki yrði lengra komist hafi það orðið úr að fórnar hagsmunum  
þeirra sem ekki voru í starfi, er samþykktin var gerð, í þeirri trú að  
meiri hagsmunir fengjust fyrir, þ.e. færri yrðu af hugsanlegum rétt-  
indum en hinir sem réttindin fengju. Það sé í sjálfu sér eðlilegur  
hugsanagangur en eigi bara við þar sem samningsaðilar hafi forræði  
á samningsefninu, sem samstarfsnefndin hafi ekki haft. Fjármála-  
ráðuneytinu hafi mátt vera ljóst að samstarfsnefndin hafi ekki getað  
með einfaldri yfirlýsingu, fórnar réttindum einstaklinga úr þeim  
hópi sem öðlast höfðu réttindin með kjarasamningi. Ákvæði 2.6.6.  
hafi svo aftur verið tekið upp í kjarasamning FÍS og fjármálaráð-  
herra óbreytt þann 21. apríl 1987. Samkvæmt hljóðan gildandi kjara-  
samnings eigi „50 mínútna reglan“ nú einungis við um upprunalega  
hópinn. Samt sem áður nái reglan í framkvæmd einnig til þeirra sem  
sérstaklega hafi samið sig undir ákvæðið. Sýni það best hversu laus í  
reipunum framkvæmd fjármálaráðuneytisins hafi verið.

Því sé gerð krafa um að grein 2.6.6. í kjarasamningi FÍS og fjár-  
málaráðuneytisins verði túlkuð samkvæmt fortakslausu orðalagi  
sínu á samsvarandi hátt og lagður hafi verið til grundvallar í áður-  
nefndum samþykktum frá 1974 og 1981, þannig að Dóra Halldórs-  
dóttir teljist enn falla undir þann hóp vaktavinnumanna sem þar sé  
nefndur þegar hún hóf störf að nýju 01.03.1988.

Byggt er á gildandi kjarasamningi FÍS og fjármálaráðherra f.h.  
ríkissjóðs frá 21.04.1987, grein 2.6.6.

Málskostnaðarkrafan er reist XXI. kafla eml. nr. 91/1991 og einnig  
65. gr. laga nr. 80/1938. Við ákvörðun málskostnaðar þurfi að taka

tillit til áhrifa virðisaukaskatts á lögmansþjónustu sem stefnandi kaupir, þar sem stefnandi hafi ekki frádráttarrétt vegna skattsins.

Félag íslenskra símamanna rekur málið fyrir hönd félagsmanns síns samkvæmt heimild í 27. gr. 1. nr. 94/1986. Málið er rekið fyrir Félagsdómi samkvæmt heimild í 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er tekið fram varðandi málavexti að með kjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra frá 19. desember 1970 hafi verið tekin upp sú regla í 1. mgr. 4. gr. að vinnutími allra ríkisstarfsmanna skuli vera 40 stundir á viku. Með þessu hafi verið gerð mjög róttæk breyting frá því sem áður var, en samkvæmt eldri kjarasamningi hafi vinnuvika hinna ýmsu stétta ríkisstarfsmanna verið mjög mismöng. Samkvæmt samningnum frá því í desember 1970 hafi vinnuvika allra starfsmanna ríkisins verið færð í 40 stundir, en hafði áður verið 36, 37, 38, 42 eða 44 stundir. Vinnuvika sumra hafi þannig lengst, en styst hjá öðrum. Með samkomulaginu, sem var fylgiskjal með kjarasamningi í desember 1970 hafi verið ætlunin að bæta hlut þeirra starfsmanna, sem urðu að skila lengri vinnuviku frá ársbyrjun 1971. Þetta sérákvæði hafi þó aðeins tekið til vaktavinnumannanna og þar með alls ekki til allra, sem gert hafi verið í samningnum að skila lengri vinnuviku en áður. Þá hafi hún aðeins gilt hjá þremur tilteknum stofnunum. Þessi svokallaða „50 mínútna regla“ hafi átt að stytta vinnutíma þeirra með tilteknum hætti og með því að koma til móts við þá vegna lengingar vinnutímans a.m.k. um sinn. Þetta hafi einungis átt við meðan þeir hafi verið áfram í sama starfinu. Þetta hafi náð til þess ráðningarsamnings, sem í gildi hafi verið 1. janúar 1971. Ef starfsmaður léti af störfum og sliti ráðningarsambandi, afsalaði hann sér þar með þessum sérkjörum. Hið sama gildi að sjálfsögðu einnig um ráðningarslit að frumkvæði vinnuveitanda. Þessi skilningur hafi ætíð verið undirskilinn af hálfu stefnda, fjármálaráðherra.

Í aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB frá því í desember 1973 sé í bókun V áréttað samningsákvæðið frá 1970 um svo nefnda „50 mínútna reglu“. Efnislega sé samningsákvæðið því óbreytt frá því, sem var í fyrri samningi. Í 4. mgr. segir: „Ákvæði þetta tekur einungis til þeirra manna, sem voru í starfi 1. janúar 1971.“ Í gögnum málsins komi fram að um þetta hafi nokkuð verið tekist á í samningsgerðinni. Af hálfu fjármálaráðherra hafði sú

krafa verið gerð að fella þetta sérákvæði niður með öllu, þannig að vinnuvika allra væri jafn löng. BSRB hafði hins vegar gert þá kröfu að heimfæra regluna á alla vaktavinnumenn, en ekki einungis þá sem hennar hafi notið við þrjár tiltekna stofnanir eftir 1971. Niðurlagsákvæði sammingsins hafi ótvírætt falið í sér, að einungis þeir sem hafi verið komnir í starf 1. janúar 1971 hafi haldið þessum sérréttindum.

Í sérkjarasamningi fjármálaráðherra og FÍS, dags. 15. maí 1974, sé 50 mínútna reglunnar ekki getið. Um sama leyti hafi komið fram óánægja hjá símamönnum. Í ljós hafi komið að framkvæmd ráðningarsamninga af hálfu Pósts og síma hafði ekki verið í réttu fari á tímabilinu 1. janúar 1971 til sama tíma 1974. Hafði þeim, er réðust nýir til starfa verið hleypt inn á svokallaða 50 mínútna reglu. Þeir hafi þá staðið frammi fyrir því að missa þau sérréttindi. Þeim samskiptum fjármálaráðherra og umræddra starfsmanna hafi lokið svo að ráðherra hafi fallist á að í framkvæmdinni skyldi 50 mínútna reglan af framangreindum ástæðum einnig ná til þeirra vaktavinnumannna, sem ráðist höfðu til starfa hjá Pósti og síma á tímabilinu 1. janúar 1971 – 1. janúar 1974. Hér hafi verið um að ræða einhliða ákvörðun ráðherra. Hún muni hafa átt sér stað skömmu eftir gerð sérkjarasamnings í maí 1974.

Hið síðasta sem gerst hafi í máli þessu sé bókun sú sem gerð hafi verið á fundi samstarfsnefndar FÍS og fjármálaráðuneytisins hinn 28. desember 1981. Í upphafi bókunarinnar segi að á fundi þessum hafi verið til umræðu mál þeirra starfsmanna hjá Póst- og símamálastofnun, sem komið hafi í starf eftir 1. janúar 1974, en höfðu fyrir þann tíma starfað skv. svokallaðri 50 mínútna reglu vaktavinnumannna. Í bókuninni fallist aðilar á að þeir sem þannig hafi verið ástatt um og hafi verið í starfi hinn 1. nóvember 1981 og höfðu fyrir 1. janúar 1974 a.m.k. 3 ára starfsaldur við vaktavinnu, skyldu falla undir „50 mínútna regluna“. Síðan segir: „Við nýráðningar og endurráðningar eftir 01.11.1981 gildir 50 mínútna reglan ekki . . .“ Með þessu hafi stefndi vissulega verið að láta undan ákveðnum þrýstingi, sem fyrir hendi hafi verið og samið um að fleiri féllu nú undir „50 mínútna regluna“ en áður hafi átt rétt á henni. Sá skilningur hafi tvímælalaust verið fyrir hendi að með þessu væri þetta mál í eitt skipti fyrir öll afgreitt út úr heiminum. Um þetta sýnist hafa ríkt friður næstu 10 árin eða því sem næst eða þar til Félag íslenskra

símamanna hafi enn á ný farið af stað með sömu kröfu og áður og nú vegna Dóru Halldórsdóttur og fleiri einstaklinga.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á eftirgreindu:

a) Þegar við samningsgerð 1970 hafi sá skilningur verið lagður til grundvallar af hálfu stefnda að undir „50 mínútna regluna“ féllu einungis þeir, sem hafi verið í starfi 1. janúar 1971 og hafi haldið starfssamningi sínum óslitnum. Hér sé um að ræða mjög óvenjulega sérreglu, sem í raun feli í sér mismunun gagnvart öllum öðrum. Þegar af þeirri ástæðu megi ljóst vera að samanburður stefnanda á þessum rétti annars vegar og hins vegar almennum réttindum allra starfsmanna ríkisins til launaþrepahækkana, aukins orlofsréttar og þess háttar við hækkandi starfsaldur, eigi ekki rétt á sér. Um hafi verið að ræða óvenjuleg sérréttindi, sem átt hafi að hverfa með þeim, sem þá voru í starfi og ekki slitu sínum starfssamningi. Þessi afstaða stefnda hafi reyndar komið enn frekar í ljós við næstu samningsgerð á eftir, þ.e. 1973, þegar sú krafa hafi verið gerð að þessi óvenjulegu sérréttindi yrðu felld niður með öllu. Það hafi ekki tekist. Hins vegar hafi ekkert breyst með þeim samningi frá því sem áður hafði verið, sbr. niðurlag bókunar V, þar sem segir að sérreglan „tekur einungis til þeirra manna, er voru í starfi 1. janúar 1971“.

Sú staðreynd að í framkvæmd hafi reglan einnig verið látin ná til þeirra, sem réðust til starfa næstu 3 árin hafi ekki byggst á samningi. Hún hafi byggst á einhliða ákvörðun fjármálaráðherra.

Efnislega hafi þetta samningsákvæði ekki breyst í formlegum kjarasamningum. Ákvæði í kjarasamningi FÍS frá 1987 sé tekið óbreytt upp úr aðalkjarasamningi BSRB frá 1986, en eftir þann tíma hafi aðalkjarasamningar heildarsamtakanna tilheyrt liðinni tíð.

Samkvæmt framansögðu sé ljóst að þótt Dóra Halldórsdóttir hafi óumdeilanlega notið þessa réttar 1. janúar 1971, þá hafi þeim ráðningarkjörum lokið með uppsögn hennar á árinu 1980 en þá hafi hún látið af störfum sem vaktavinnumaður. Um hafi verið að ræða sérreglu, sem hafi skapast vegna tiltekinna breytinga á vinnutíma hóps starfsmanna. Henni hafi verið ætlað að hverfa jafnharðan og viðkomandi einstaklingar hættu störfum tímabundið eða færu í annað starf. Þessum afbrigðilegu starfskjörum hafi ekki verið ætlað að lifna við færi svo að umræddir starfsmenn réðust aftur til þessara tilteknu starfa, en ekki einhverra annarra.

b) Verði ekki fallist á sjónarmið, sem rakin séu að framan verði

niðurstaðan engu að síður sú sama, þ.e. sýkna. Hafi þetta ekki falist í fyrri samningum aðila, þá leiði það ótvírætt af síðari samningi. Þar sé vísað til bókunar samstarfsnefndar FÍS og fjármálaráðherra á fundi 28. desember 1981. Þar segir: „Við nýráðningar og endurráðningar eftir 01.11.1981 gildir 50 mínútna reglan ekki . . .“ Dóra Halldórsdóttir hafi ekki endurráðist til starfs síns sem vaktavinnumaður fyrr en eftir þetta tímamark.

Í stefnu sé vefengt að umboð nefndarinnar hafi verið fyrir hendi. Dóra Halldórsdóttir sé ekki bundin af þessum ákvörðunum samstarfsnefndar. Þessu er harðlega mótmælt. Túlkun og fylling kjarasamninga sé starfsemi sem í raun fari fram allt árið á milli hinnar formlegu kjarasamningsgerðar. Milli þess, sem samninganefndir einstakra félaga og fjármálaráðherra geri hina formlegu kjarasamninga hafi það verið hlutverk samstarfsnefnda að halda uppi stöðugu starfi við túlkun og framkvæmd samninga og fyllingu þeirra um einstök atriði. Öll félög innan BSRB og BHMR hafi myndað slíkar samstarfsnefndir með viðsemjandanum, fjármálaráðherra. Í kjarasamningi FÍS frá 1980 komi fyrst inn ákvæði um samstarfsnefnd þess félags. Hlutverk nefndarinnar sé þar markað, en alls ekki tæmandi, svo sem sjáist glögg á orðunum „meðal annars“.

Samningsákvæði um verkefni samstarfsnefnda séu orðuð með ýmsum hætti í hinum mörgu kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Í reynd hafi það almennt verið svo að nefndirnar hafi oftlega tekið sér víðtækt vald, þótt úr því hafi dregið í seinni tíð. Þær hafi í raun ekki aðeins túlkað samninga, heldur einnig beinlínis breytt þeim með bókunum sínum og fundargerðum, hafi aðilar orðið á slíkt sáttir. Í slíkar samstarfsnefndir veljist alla jafna formenn félaganna og/eða aðrir helstu trúnaðarmenn þeirra. Svo hafi einnig verið um samstarfsnefnd FÍS á þeim tíma, sem hér um ræðir. Í henni hafi setið formaður félagsins auk annars stjórnarmanns.

Því er eindregið haldið fram að nefndin hafi haft það samningsumboð, sem hún hafi tekið sér með greindri bókun. Það gildi um fulltrúa beggja samningsaðila. Hafi annar aðilinn, í þessu tilfelli FÍS ekki viljað una gerðum fulltrúa sinna vegna umboðsleysis, hafi stjórn félagsins eða samninganefnd ótvírætt borið að gefa þá afstöðu upp til gagnaðilans án tafar. Ekkert slíkt hafi gerst. Þegar af þeirri ástæðu sé önnur niðurstaða ótæk en sú, að félagið hafi, hvað sem öllu líði, orðið bundið við þessa samningsgerð. Höfnun FÍS á



gerðum síns eigin formanns tíu árum seinna sé marklaus með öllu. Með greindri bókun hafi enn fleirum verið hleypt inn á „50 mínútna regluna“ en áður höfðu átt þar heima. Þar hafi hins vegar líka verið með ótvíræðum hætti skorið á þannig að við endurráðningar eða nýráðningar eftir 1. nóvember 1981 hafi enginn nýr getað undir hana fallið. Einnig af þeirri ástæðu megi ljóst vera að Dóra Halldórsdóttir eigi ekki rétt á að kjör hennar ráðist af umræddri reglu.

c) Í þriðja lagi sé byggt á algjöru tómlæti stefnanda við að halda fram kröfum sínum. Frá því að greind bókun hafi verið gerð hafi liðið sem næst 10 ár áður en stefnandi, FÍS, hafi hreyft þessum kröfum sínum. Á þessu tímabili hafi verið gerðir margir kjarasamningar milli aðila. Með þessu hafi hann sýnt þvílíkt tómlæti að einnig af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda.

d) Fari hins vegar svo að aðalkröfu verði hafnað þrátt fyrir allar framangreindar sýknuástæður geti krafa stefnanda aldrei átt rétt á sér lengra aftur í tímann en miðað við 7. september 1989. Er þá miðað við 4 ára fyrningartíma launakrafna.

#### *Niðurstaða.*

Ágreiningslaust er með aðilum að um kaup og kjör stefnanda fari eftir kjarasamningi Félags íslenskra símamanna og fjármálaráðherra frá 21. apríl 1987. Hins vegar er um það deilt í málinu hvort grein 2.6.6. í þeim kjarasamningi varðandi svonefnda „50 mínútna reglu“ eigi enn við um starfskjör hennar.

Á fundi samstarfsnefnda málsaðila 28. desember 1981 var til umræðu mál þeirra starfsmanna hjá Póst- og símamálastofnun, sem komið höfðu í starf eftir 1. janúar 1974 en höfðu áður starfað samkvæmt svokallaðri 50 mínútna reglu vaktavinnumanna. Fyrir fundinum lá listi frá 1. nóvember 1981 yfir þá starfsmenn sem hafið höfðu störf að nýju eftir 1. janúar 1974 en höfðu þá a.m.k. þriggja ára starfsaldur.

Á fundi þessum var gerð eftirfarandi samþykkt: „Starfsmenn samkvæmt þessum lista og aðrir sem af misgáningi ekki eru á honum en ættu að vera það, þ.e. voru í starfi 01.11.1981 og höfðu fyrir 01.01.74 þriggja ára starfsaldur við vaktavinnu samkvæmt 36 vinnustunda vinnuskyldu eða 50 mínútna reglu skulu falla undir 50 mínútna regluna. Við nýráðningar og endurráðningar eftir 01.11.1981 gildir 50 mínútna reglan ekki, og verði viðkomandi aðilum gerð grein fyrir því. . . .“

Samþykkt þessi var gerð á gildistíma laga nr. 29/1976 um kjara- samninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í 39. gr. þeirra segir: „Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna tvo menn í sam- starfsnefnd og fjármálaráðherra tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmingu á framkvæmd laga þessara. Þá skal leggja fyrir nefndina deilumál sem upp kunna að rísa. Verði sam- komulag í samstarfsnefnd um atriði skal það bindandi fyrir báða að- ilar. Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum ein- stakra félaga og fjármálaráðherra til að fjalla um ágreiningsmál sem upp koma.“

Telja verður að ágreiningnum um gildi „50 mínútna reglunnar“ við nýráðningar og endurráðningar hafi að fullu verið ráðið til lykta svo bindandi sé með greindri samþykkt samstarfsnefnda aðila. Stefnandinn Dóra Halldórsdóttir sleit með uppsögn ráðningarsam- ningi sínum í ágústmánuði 1983, en var aftur fastráðin frá 1. mars 1988. Naut hún við þá ráðningu ekki góðs af hinni umdeildu „50 mínútna reglu“.

Af framangreindum ástæðum ber að sýkna stefnda af öllum kröf- um stefnanda í málinu.

Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000,-.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra símamanna f.h. félags- manns síns Dóru Halldórsdóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 60.000,- í málskostnað.

---